

Þar sem hreppsnefnd Hvítársíðuhrepps í niðurlagi brjefs síns spyr, hvort hún 186
geti vænt nokkurrar þóknunar fyrir starf það, er hjer ræðir um, vil jeg taka fram, að 29. ágúst.
það er komið undir ákvörðun sýslunefndar og hreppsnefnda, hvort slík þóknun verði veitt
úr hreppssjóði eða sýslusjóði. Hvað landssjóðinn snertir, þá hefir ekki enn verið veitt
neitt fje úr honum til slíks starfs, og gjörði heldur eigi nefndarálit það um þetta mál,
er kom fram í efri deild þingsins ráð fyrir, að hreppsnefndir fengu borgun úr landssjóði
fyrir störf sín í þessu tilliti (Alþingistíðindi 1881 I. bls. 322—324).

— Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Suður-Múlasýslu um skipverjaförða af 187
vínföngum. — Í brjefi frá 7. þ. m. hafið þjer, herra sýslumaður spurt, hvort toll skuli 2. sept.
greiða af öli og vínföngum, er talin hafi verið skipverjaförði á 2 skipum, en annað af
þessum skipum, sem var færeyskt fiskiskip, hafi strandað hjer við land og hafi eigandi
þess þareptir látið flytja vínföngin í land, til að eyðast af fiskimönnum hans, er allir búi
á landi. Hitt skipið hafi fyrir danskan stórkaupmann flutt sildarveiðaáhöld og vistir og hafi
vínföng þau, er spurning er um, verið flutt í land og verið höfð handa fiskifólkinu, sem
allt búi á landi.

Fyrir því vil jeg tjá yður, að jeg ekki get sjeð, að nein ástæða sje til þess, að
undanþiggja vörur þessar undan tollgjaldi, og vil jeg leiða þóknanlegt athygli yðar að
brjefi landshöfðingja frá 11. apríl 1876, sem prentað er í stjórnartíðindum s. á. B. 38,
og ber yður og öðrum tollheimtumönnum samkvæmt því að hafa sterkt eptirlit með, að
ákvæðanirnar um skipverjaförða verði ekki notaðar til tollsvika.

Erindisbrjef

188

handa umboðsmanni Arnarstapa og Skógarstrandar jarða og jarðarinnar Hallbjarnareyrar. 14. sept.

1. Umboðsmaðurinn skal sjá um, að umboðsjarðirnar verði bættar og mannvirk-
um á þeim haldið við sbr. 6 gr. ráðgjafarbrjefs 25. maí 1880 (B. 89.) og skal hann að
minnsta kosti einusinni árlega skoða hverja jörð og áminna leiguliða um að bæta það,
sem reynist ábótavant.

Að því er snertir landamerki umboðsjarðanna, ber umboðsmanni að sjá um, að
gætt verði fyrirmæla landamerkjalaga frá 17. marz 1882 (A.5) sbr. brjef landshöfðingja
28. júlí s. á. (B. 167).

2. Landsskuld og leigur skal hann taka á gjalddaga rjettum. Láti leiguliði
farast fyrir að greiða gjöld sín í gjalddaga, skal umboðsmaður sem allra fyrst og síðast
innan 4 vikna eptir gjalddaga gjöra ráðstöfun til, að þau verði tekin lögtaki, og ber
honum í þessu tilliti að breyta nákvæmlega eptir fyrirmælum 2. greinar umburðarbrjefs
landshöfðingja frá 16. maí 1876 (stjórnartíð. s. á. B. 51) sbr. opið brjef 21. maí 1829.
Að öðrum kosti skal hann sjálfur svara til skuldarinnar.

3. Þó að leiguliði gjaldi í landaurnum skal umboðsmaður ætíð borga tekjur
umboðsins í peningum samkvæmt þeirri verðhæð, sem er á sjerhverri vörutegund í verð-
lagsskrá þeirri, er ræður á rjettum gjalddaga.

4. Samkvæmt 4. og 6. gr. reglugjörðar um reikningsskil frá 13. febr. 1873 og 3.
grein umburðarbrjefs frá 16. maí 1876 (stjórnartíð. s. á. B. 51.) sbr. brjef 20. oktbr. 1880
(B: 157) stafl. D. ber honum að afgreiða tekjur umboðsins jafnskjótt og þær gjaldast
annadhvort með peningum í jarðabókarsjóð eða með ávísun gefinni út beinlinis handa ráð-
gjafanum fyrir Ísland upp á áreiðanlegt verzlunarhús í Kaupmannahöfn. Skal gefa út
hverja ávísun í 2 samritum og senda 1. samritið (prima) landshöfðingja með fyrstu póst-
ferð, eptir að ávísunin er gefin út.

188 5. Reglurnar í annari og fjórðu grein, gilda að því leyti, sem þær geta við átt,
14. sept. líka um aukatekjur umboðsins af reka, selveiði, landshlut o. s. frv.

6. Umboðsmaður á að hafa aðalbók, sem sje löggilt af amtmanni, og rita þar í allar tekjur umboðsins, og skal hver jörð standa á blaði sjer í sömu röð ásamt nafni ábúandans. Hver leiguliði fyrir sig á að fá viðskiptabók og skal rita í hana hvert sinn, er hann geldur nokkuð sem og í aðalbókina, svo þær sjeu alveg samhjöða.

7. Umboðsreikningurinn á að ná yfir tímabilið frá 1. jan. til 31. desbr. ár hvert og sendast til amtsins svo fljótt, sem auðið er og í hið síðasta innan febrúarmánaðarloka.

Honum á að fylgja

a. skýrsla um landsskuld og leigur m. m.

b. endurrit af uppboðsgjörðum viðvíkjandi umboðinu,

c. kvittanir fyrir útgjöldum, og samrit þeirra ávísana, er gefnar hafa verið út handa ráðgjafanum fyrir Ísland,

d. endurrit af síðustu skýrslu umboðsmanns til amtmanns um unnar jarðabætur sbr.

7. grein ráðgjafabrjefs 25. maí 1880 (B. 89)

e. útdráttur af byggingarbrjefum, sem gefin eru út á reikningsárinu,

f. önnur skírteini, er þurfa þykir eða boðið verður. Reikningurinn og skýrslan um landsskuld og leigur eiga að vera í tvennu lagi.

8. Í hvert sinn, er umboðsjörð losnar úr ábúð, ber umboðsmanni að auglýsa þetta á kirkjufundum og víðar og skora á þá, sem hafa hug á jörðunni að semja við hann um byggingarskilmálana innan tiltekens tíma.

Þeim, sem þareptir býður mest eptirgjald eptir jörðina, má umboðsmaður byggja hana að áskyldu samþykki amtsins, ef bjóðandi er fullveðja dánumaður, og ef hin boðna upphæð er ekki minni en gjald það, er áður hefir verið goldið eptir jörðina að viðbætttri þeirri upphæð, sem spurning getur verið um, samkvæmt skýrslum þeim og tillögum um byggingu þjóðjarða, er útvegaðar voru eptir fyrirmælum landshöfðingja í umburðarbrjefi frá 19. septbr. 1877. B. 112.

Nú býðst ekki eins mikið eptirgjald, og áður hefir verið goldið eptir jörðina að viðbætttri þeirri upphæð, er amtsráðið hefir stungið upp á, og ber þá umboðsmanni að skýra amtmanni frá öllum þeim boðum í jörðina, er komið hafa, og lýsa um leið hæfilegleikum bjóðanda. Sama er, ef fleiri bjóða jafnt eptirgjald, þótt það nái þeirri upphæð, er áður hefir verið goldið eptir jörðina, eða amtsráðið hefir stungið upp á.

Geti byggingin ekki orðið fullráðin fyrir fardaga, þá er jörðin losnar úr byggingu, verður umboðsmaður að byggja hana til bráðabirgða um ekki lengri tíma, en eitt ár í senn, og á þann hátt, sem haganlegastur er fyrir umboðssjóðinn.

Undireins og búið er að fullráða bygginguna, semur umboðsmaður byggingarbrjef í tvennu lagi, skrifar hann sjálfur og leiguliðinn undir bæði samritin og sendir þau þareptir amtmanni og gildir byggingarbrjefið ekki, fyr en amtmaður hefir ritað á það samþykki sitt.

Í hverju byggingarbrjefi skal skylda leiguliða til að framkvæma árlega tilteknar jarðabætur. Landsskuld skal ákveðin í byggingarbrjefum eptir meðalverði allra meðalverða, kúgildaleigur eptir meðalverði allra meðalverða, eða eptir verðlagsskrárverði á smjöri. Að öðru leyti vísast, að því er byggingu þjóðjarða snertir, til ráðgjafabrjefs frá 25. maí 1880 (B. 89), og ber umboðsmanni að kynna sjer nákvæmlega fyrirmæli þessa brjefs og breyta eptir þeim.

9. Þegar leiguliðaskipti verða, skal umboðsmaður láta taka jörðina út á kostnað fráfaranda og viðtakanda og vera þar viðstaddur sjálfur, gæta rjettar landssjóðsins í öllum greinum, og krefja álags eða uppbotar á það, sem áfátt er í ábúðinni. Sýni hann hirduleysi í þessu, verður það hans ábyrgðarhluti.

10. Umboðsmaður skal annast um, að ítök og hlunnindi umboðsins eða jarða þess verði sem arðsömumust, og skal hann leggja uppástungur sínar þar að lútandi undir amtmanns úrskurð og samþykki, sjer í lagi ber honum að gjalda varhuga við, að ekkert gangi undan umboðinu eða þess einstöku jörðum. 14. sept. 188

11. Hann skal hafa brjefabók og rita þar í umboðsreikningana og öll brjef víkjandi umboðinu til amtmanns og annara, sömuleiðis skal hann vel varðveita skjala-safn umboðsins.

12. Hann skal hafa til launa sjöttung eða $16\frac{2}{3}\%$ af öllum tekjum þeim, er hann heimtíur saman, og sem renna inn í umboðssjóðinn. Andvirði seldra þjóðjarða telst ekki með tekjum umboðsins og ber umboðsmanni ekkert endurgjald fyrir tekjumissi þann, er af slíkri sölu leiðir. Gjöld þau, er umboðsmaður kann að hafa við að leggja til nýjar bækur eða annað þessháttar, skal hann greiða af umboðslaunum sínum.

13. Sem ábyrgð fyrir gjaldheimtum umboðsins, skal hann skyldur að veðsetja landssjóðnum annaðhvort konungleg, ríkisskuldabjef, sem eru að upphæð 4000 kr. eða jarðir, er metnar verða af kunnugum dómkvöddum mönnum 4000 kr.

14. Vilji hann losast við umboð þetta, skal hann skila því í fardögum og segja því lausu með eins árs fyrirvara; með sama fresti áskilur landshöfðingi sjer rjett til að segja honum upp umboðinu.

15. Að öðru leyti á hann, hvað umboð þetta snertir, að breyta eptir lögum landsins og fyrirmælum amtmanns og landshöfðingja.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 14. september 1882.

Í fjarveru landshöfðingja.

Bergur Thorberg.

Jón Jónsson.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um skyldu prestekkna til að greiða heytoll. — Í brjefi frá 24. febrúar þ. á., hafid þjer, herra amtmadur, beðizt úrskurðar landshöfðingja um fyrirspurn prestsekkjunnar Kristjönu Pálsdóttur, hvort henni beri að greiða sóknarprestinum heytoll. Látið þjer í ljósi, að yður sje ekki kunnug nein lagaákvörðun, er heimili prestekkjum, sem grasnyt hafa, undanþágu undan því að greiða heytoll, og bendið jafnframt á opið brjef frá 22. marz 1826, er heimilar prestaefnum og ekkjum þeirra að eins undanþágu frá landssjóðsgjöldum; en beinlínis tekur fram, að þau sjeu hvorki undanþegin sveitargjöldum nje gjöldum til prests og kirkju. 19. sept. 189

Undireins og landshöfðingi meðtók þetta erindi yðar, beiddist hann álits stiptsyfirvaldanna um það, og eptir að jeg nú, með brjefi stiptsyfirvaldanna frá 9. þ. m. hefi meðtekið þetta álit, vil jeg tjá yður, herra amtmadur það, er á eptir fer til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeiganda. Það hefir hingað til verið álit stiptsyfirvalda og biskups, að prestsekkjur væru undanþegnar öllum gjöldum til prests og kirkju; hefir þetta verið byggt á því, að reglugjörð 17. júlí 1782 veitir þeim sama gjaldfrelsi, og menn þeirra hafa haft, og á því, að það hefir verið gömul regla, að andlegrar sjettar menn væru ekki gjaldskyldir til prests og kirkju (clerus clericum non decimat) og þetta álit hefir einnig komið fram í landsyfyrirjettardómi frá 18. desbr. 1871, er undanþiggur prestsekkju frá að greiða kirkjutíund. Þótt menn nú vildu skilja svo lög frá 12. júlí 1878 (A. 6). að prestsekkjur við þau hefðu mist tíundarfrelsi af lausafje, sjá brjef landshöfðingja 12. apríl 1880 (B. 72), þá leiddi engan veginn þar af, að önnur gjöld til prests og kirkju,